

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Þróargjald fyrir árið 2005 skal vera kr. 5.563 fyrir þrær undir 3600 l að rúmmáli og kr. 8.494 fyrir 3.600 l þrær eða stærri.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 21. desember 2004, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, hefur jafnframt verið samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og tekur þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 11. janúar 2005.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð Þjóðminjasafns Íslands.

1. gr.

Stofnendur o.fl.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Þjóðminjasafns Íslands. Heimili hans og varnarþing er að Suðurgötu 41, 101 Reykjavík. Stofnendur sjóðsins eru Landsvirkjun, Bakkavör, KB banki, VÍS. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Tilgangur og markmið.

Markmið sjóðsins er að ná öflugri tengingu við atvinnulífið og íslenskt samfélag á hverjum tíma með því að leita leiða til fjármögnunar, þ.e. að afla fjár í samstarfi við atvinnulífið og á annan hátt. Einnig að styrkja ímynd Þjóðminjasafns Íslands. Ráðstafa skal úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans. Stjórnin ráðstafar fé sjóðsins og ákveður úthlutun í samræmi við tillögur Þjóðminjasafns til verkefna sem leiði til framfara Þjóðminjasafns Íslands.

3. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tilnefndir til þriggja ára í senn. Þjóðminjasafnið tilnefnir stjórnarmenn og varamenn þeirra sem skulu vera tveir. Leitast skal við að í stjórn eigi sæti þjóðminjavörður, einn aðili úr forystusveit Þjóðminjasafnsins og einn frá atvinnulífinu. Þess skal gætt að þegar ný stjórn tekur við sitji í henni a.m.k. einn stjórnarmaður úr fyrri stjórn sjóðsins. Stjórnarstörf eru ólaunuð.